

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingu í Mosfellsbæ.

Á fundi bæjarstjórnar þann 16. mars 2005 var samþykkt tillaga að breytingum á deiliskipulagi með Varmá frá Reykjalandarvegi að Húsadal, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu á spildu úr landi Suður Reykja, spildan er norðan við Efstu Reyki og vestan við Reykjafell og Heiðarhvamm.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Mosfellsbæ, 13. júní 2005.*

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.